

## Gamli vegur.

### Leið frá Árbæ í Seljadal.

Hér á að lýsa fyrsta legg á leið sem lá frá Árbæ í Reykjavík um Seljadal og yfir Mosfellsheiði til Þingvalla.

Ekki sést til vegar frá Árbæ enda búið að umbylta öllu landi og komnir malbikaðir vegir og byggingar þar sem gömlu göturnar lágu. Líklegt er að leiðir hafi legið saman þar sem gatan Rofabær liggur nú en skiptast svo í leiðir hjá Rauðavatni um Gamla veginn og leið í Seljadal um Gamla veg og austur um Mosfellsheiði og Þingvelli.

Við suðausturhorn Múrbúðarinnar og á barmi Veggjárinnar sem Suðurlandsvegurinn liggur um er grjóthrúga sem kölluð er Pálsbyrgi (N64°07.044' W021°46.897'). Í Pálsbyrgi á einsetumaður Páll að nafni að hafa búið. Samkvæmt örnefnaskrá fyrir Grafarholt hét hér Eggjar innri. Staðsetning Pálsbyrgis bendir til þess að þarna hafi líklega verið varða, vegvísir á Gamla vegi sem hefur legið sunnan við vegvísinn og niður um Vörðulágar og Hádegislág þar sem Golfvöllurinn í Grafarholti var lagður. Við jaðar 14. brautar eru sýnilegir nokkrir metrar af Gamla vegi þar sem hann hverfur undir golfbrautina (N64°07.013' W021°46.640'). Svo sést til götunnar á milli brauta og er þá réttara að segja gatnanna göturnar eru tvær og er önnur þeirra það sem kallað var vegur þ.e. gatan er rudd og sér til úrkastsins við götuna. Á vinstri hönd eru Bulluaugu vatnsuppspretta sem virkjuð var fyrir vatnsveitu Reykjavíkur sem gaf af sér 100 s.l. en er nú aflögð. Steinabrekka, Suðurkinn og Holtsskyggnir eru horfin undir mannvirki í Grafarholtinu.



Á hægri hönd er heiðabrúin sem nær austur fyrir Reynisvatn og endar á Reynisvatnsási. Vestast er Hádegishæð með Hádegisvörðu sem er eyktarmark frá Grafarholti. Svo er Skál á milli Hádegishæðar og Skálarhnjúks. Skál er í dag kölluð Paradísardalur því umhverfis er fallegur skógur og slétt flöt í botninum og skjól í öllum áttum. Vegurinn lá þar sem hét Flagið en er í dag golfbraut. Svo tekur Djúpidalur við sem ber nafn með réttu og hefur vegurinn verið með honum sunnanverðum upp í Leirdal. Austan við Skálarhnjúk er Norðurskál svo kemur Grenás. Þar niður liggur Heitavatnslögn frá Nesjavöllum ofan í Leirdal og síðan upp í tankana á Holtsskyggni. Við hitaveitulögnina sést smá spotti af veginum en hverfur fljótt undir gangstíg. Á hægri hönd er nú Urðarlág og Leirdalsklauf en niður um hana kemur lögn fyrir kalt vatn frá Gvendarbrunnum. Ef grannt er skoðað sér í veginn norðan við göngustíginn á kafla svo næst á opnu svæði í stefnu norður fyrir Nónás sem er framundan með skógivaxnar hlíðar. Nónás var eyktarmark frá Reynisvatni. Vegurinn sést á köflum t.d. við suðurhorn skólalóðar Sæmundarskóla á Leirdalshálsi og hér er einnig örnefnið Akbrautarmelur svo er komið að tóftum bæjarins Reynisvatns við norðvestur horn samnefnts vatns.



Vegurinn lá utan túngarðs norður fyrir Reynisvatn og svo austur fyrir það. Sunnan við skógarlund fer vegurinn upp á Reynisvatnsháls. Þar sést vegurinn mjög vel og eru þar miklir grjótruðningar (úrkast). Við þverum nýjan bílveg sem sprengdur var í gegnum Reynisvatnsásinn og liggur hann svo þaðan á Hafravatsveg við Hofmannaflatir. Okkar leið liggur að Langavatni norðanverðu eftir þverbrekkum. Vegurinn er hér ofaníborinn bílvegur notaður af eigendum sumarbústaða sem eru við vatnið. Norðan við veginn sést lítil kirkja sem er í einkaeigu. Svo endar bílvegurinn en Gamli vegur er hér sýnilegur aftur. Austan Langavatns eru Startjarnir. Svo er hóll á hægri hönd sem heitir Kothóll en við hann sjást enn

tóftir Miðdalskots, hjáleigu frá Miðdal. Ekki er þess getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 en þess er getið í riti Sögufélagsins; Gullbringu og Kjósarsýsla, Sýslu og sóknarlýsingar. Þar er sagt árið 1855 að Miðdalskot hafi farið í eyði fyrir tæpum 20 árum. Næst er farið yfir Bæjarlæk og fljótlega komið að Hafravatnsvegi við brúna á Seljadalsá. Nú er stefnt yfir Hafravatnsveg upp bílveg að Búrfelli og að hliði sem er þar á veginum. Til að fylgja gamla veginum er farið í gegnum hliðið og gengið inn á slóð til vinstri og svo er farið til hægri yfir efstu tunguna á Búrfellsmýri. Svo förum við yfir veg sem liggur norður fyrir Búrfell. Er sá vegur eftir gullgrafara. (N64°07.215' W021°38.295'). Við höldum í austurátt ofan við bílveginn um skógrækt í Búrfellstorfum. Leið okkar liggur svo rétt neðan við tóftir Búrfellskots (N4°07.154' W021°37.870'). Er þar gróðurtorfa sem í leynast veggjabrot. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 bls.291 er kotið kallað Búrfell og var hjáleiga frá Miðdal. "Lagðist þetta kot mest í eyði fyrir óbærilegum átroðningi þjóðgötu, sem þar liggur í gegnum túnið". Við þverum bílveginn og stefnum norðan við Leirtjörn sem er okkur á hægri hönd. Svo er komið að Leirtjarnarlæk sem rennur frá Leirtjörn norður í Seljadalsá. Yfir Leirtjarnarlæk er grjóttgarður upphlaðinn, ófær nema gangandi manni. Líklega hefur hér átt að vera stífla til að hækka vatnsborð Leirtjarnar.

Frá grjóttgarðinum liggur vegurinn norðaustur með lágrí hlið þar til við komum að girðingu og er hlið (N64°07.249' W021°36.574') á henni skammt sunnan við Þúfhól þaðan er gengið að bílvegi (N64°07.229' W021°36.403') sem liggur norðan Silungatjarnar. Hefur vegurinn líklega verið lagður ofan á gamla veginn eftir Silungatjarnarhæð sem myndar hrygg á milli Silungatjarnar og dælda sem heita Oddnýarklofi austan við Þúfhól og Mjóiklofi austar. Við göngum þann veg að urðarhrygg förum yfir hann og komum þá á bíslóð og fylgjum henni stuttan spöl þar til slóð liggur til hægri niður að vaði á Seljadalsá (N64°07.340' W021°35.371'). Síðan er haldið upp með ánni í átt að skarði á milli Kambhóls sem er ofan við veginn og Hesthóls sem er nær ánni sem sveigir fyrir hann og heitir þar Þrengsli. Á leið okkar kemur slóð ofan af bílveginum sem liggur um Þormóðsdal í grjótnámur í Hulduhól. Þessi slóð er mjög torfær, var línuvegur við línulögn inn um Seljadal (Brennimelslína/Hvalfjarðarlína). Næst er komið að hliði á Höfuðborgargirðingunni og er nú stutt að Kambsrétt (N64°07.469' W021°34.219') en vegurinn liggur í gegnum hana og er flórlagður (hellulagður). Upplýsingaskilti er við réttina.

Um framhald leiðar í Seljadal og eða að Nesseli er bent á árbók Ferðafélags Íslands 2019 um Mosfellsheiði og ritið Mosfellsheiðarleiðir.

Jón Svanþórsson.